

Fiskveiðistjórnun við Ísland

Sögulegt yfirlit

Sjávarútvegsráðstefnan 2014

Hörður Sævaldsson
MSc. sjávarútvegsfræðingur
hordurs@unak.is



- Saga fiskiveiðistjórnar við Ísland
- Aðdragandi kvótakerfis 1975-1984
- Yfirlit helstu breytingar frá 1984
 - Smábátar
 - Aflamarksskip
 - Uppsjávarskip
- Þróun skipaflotans
- Skipting þorskaflaheimilda
- Samþjöppun aflaheimilda
- Samantekt

Þróun

- Tækni fyrri alda frekar frumstæð, takmörkuð hættu á ofveiði fiskistofna
- Afkastageta skipaflotans jókst til muna á síðustu öld
- Tæknistig er orðið mjög hátt og ofnýting fiskistofna óumflýjanleg
- Höfum lært af biturri reynslu að stjórna þarf nýtingu fiskistofna (síldin)
- Verðum því að stjórna fiskveiðum




Á síldveiðum: Ljósmyndasafn Akranes



Vilhjelm Þorsteinsson EA: Þorbjörn Víglundsson

Sagan



Þrjár skýrslur árið 1975

„Svört skýrsla“ Hafrannsóknarstofnunar október 1975

- Of mikil veiði á ungfiski, takmarka botnfiskafla við 500 þúsund tonn


Rannsóknarráðs ríkisins nóvember 1975

- Sókn takmörkuð til að ná æskilegri nýtingu stofna og arðbærum rekstri
- Dregið úr sókn í ofnýtta stofna tímabundið og vernda ungfisk
- Veiðum verði hagað til að veiðistofnar gefi hámarksafrakstur

Fiskiping, haustið 1975

- Vernda stofna til að koma í veg fyrir hrun. Sóknarkostnaður aukist.

Fiskiskipastóllinn



Mynd 1

Þróun sjávarútvegs. Rannsóknarráð Ríkisins 1975

Skýrsla Fiskifélagsins

Fiskifélagið sendi frá sér í marz 1975 mat á afkastagetu flotans miðað við árslok 1974. Samkvæmt því mati gátu íslensk fiskiskip annað þeim afla botnlægra tegunda, sem talið var að Íslandsmið gætu gefið af sér. Meðal-
afla undangenginna 15 ára hafði verið 730
þús. lestir. Í skýrslunni var samt bent á, að
takmarka bæri heildaraflann við um 650 þús.
lestir til að flýta viðreisn stofnanna. Svipaðar skoðanir komu fram í skýrslu Hafrannsóknarstofnunarinnar frá þeim tíma. Svarta skýrsl-
an svonefnda gerir hins vegar ráð fyrir tæp-
lega 500 þús. lesta ársafla botnfiska, þannig
að um allmikinn mun er að ræða í þessum
tveimur skýrslum.

Við Áramót.Ægir 1976. 69. árg. 2 tbl. bls. 40

Rannsóknarráð ríkisins 1981

- Kapplaus um afla, minna lagt upp úr gæðum
- Taprekstur í vinnslu og veiðum
- Skrapdagakerfi tryggir ekki æskilegt aflahámark
- Tillaga: Leyfisbinda fiskveiðar og skipta afla á skip

Veiðar og meðferð

Oft hefur borið á því að undanförunu, að svo mikið hefur borist að landi á skömmum tíma, að ekki hefur fengist við neitt ráðið. Allir virðast sammála um að þetta sé mjög miður en enginn virðist vilja taka af skarið til að ráða bót á þessu. Hið opinbera þarf að leita leiða til að ráða bót á þessu, þar sem oft fara veruleg verðmæti í súginn við þessi skilyrði. Í mörgum tilvikum leiða þær af sér óeðlilegt kapphlaup um sem mestan afla.

Þetta er raunar tengt tveim síðustu atriðunum. Við kapphlaup um afla er minna lagt upp úr gæðunum auk þess, sem "kapphlaupskostnaðurinn" verður óhóflegur. Með þeim aðferðum, sem beitt hefur verið upp á síðkastið við loðnuveiðar hefur tekist í miklum mæli að ná þeim markmiðum að auka hráefnisgæði og draga úr kostnaði.

Þróun sjávarútvegs. Rannsóknarráð Ríkisins 1981

Afkoma

Við heyrum a.m.k. þrisvar á ári hverju að vinnslan sé rekin með x% halla og útgerðin þurfi að frá y% herra verð til að standa á núlli. Stofnað hefur verið til raunkostnaðar sem er hærri en raunvirði það sem afurðirnar skila. Til að leysa málið er búið til sýndarvirði með tekjutilfærslum í einu formi eða öðru. Þetta dugir skammt eigi ekki að skerða líf skjórin í landinu. Þetta er staðreynd, sem neitað hefur verið að horfast í augu við. Raunkostnaður er hækkaður og vítahringurinn verður sífellt þrengri.

Þróun sjávarútvegs. Rannsóknarráð Ríkisins 1981

Stjórn fiskveiða

Talið er að núverandi aðferðir við stjórnun fiskveiða nægi hvorki til að tryggja æskilegt aflahámark né til að stuðla að lágmarkun sóknarkostnaðar (2.5).

Frumskilyrði bættar stjórnunar er að leyfisbinda allar fiskveiðar (2.5).

Nauðsynlegt mun reynast að skipta afla niður á skip á einhvern hátt við allar meiriháttar veiðar. (2.5)

Þróun sjávarútvegs. Rannsóknarráð Ríkisins 1981

Hafrannsóknarstofnun 1979 og 1983

- Skrapdagakerfið 1977-1983 (bein sókn í þorsk x daga, lágt hlutfall aðra daga)
- Hrygningarstofninn slakur árið 1979 í dökkri skýrslu Hafró
- Heildarstærð árið 1983 metin 10-20% minni en áætlað = Fer minnkandi

Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur 1979

Tillögur stofnunarinnar varðandi hámarksaflla á þessari tegund hafa beinst að því að byggja upp hinn kynþroska hluta stofnsins, en honum hefur hrakað ískyggilega mikið undanfarinn áratug. Á árinu 1970 er talið að hrygningarstofninn (7 ára fiskur og eldri) hafi verið rúmlega 700 þús. tonn, en árið 1978 var hann kominn niður í 165 þús. tonn. Meginorsök þessarar rýrnunar hrygningarstofnsins er hin stórauðna sókn okkar í hinn óþroska hluta stofnsins.

Það er fyrirsjáanlegt, að hrygningarstofninn mun ekki rétta við án verulegra sóknartakmarkana á smáfiski. Tillaga stofnunarinnar um 250 þús. tonna aflla í ár og 270 þús. tonn árið 1980 beinist að því að stærð hrygningarstofnsins verði orðin rúm 500 þús. tonn árið 1983.

Hafrannsóknarstofnun. Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum 1979

Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur 1983

Heildarstærð þorskstofnsins er áætluð á bilinu 1.420–1.570 þús. tonn í byrjun árs 1983 og fer það eftir, hve stór árgangurinn frá 1976 reynist. Samkvæmt þessum niðurstöðum er stofninn því talinn 10–20% minni, en gert var ráð fyrir í síðustu skýrslu um ástand fiskstofna, sem dagsett er 25. janúar 1982, en þá var hann áætlaður 1.765 þús. tonn. Helsta skýringin á þessari minni stofnstærð er sú, að árgangarnir frá 1975 og 1976 eru sennilega lakari, en gert var ráð fyrir.

Niðurstaðan er í stuttu mál sú, að þorskstofninn muni fara minnkandi á næstu árum, þar sem allir árgangar frá 1977 virðast undir meðallagi og stóri árgangurinn frá 1973 fer að hverfa úr veiðinni. Ekki er talið að vænta megi umtalsverðra gangna frá Grænlandi vegna ástands þorskstofnsins á því svæði; a. m. k. ekki í líkingu við göngurnar árin 1980 og 1981.

Hafrannsóknarstofnun. Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum 1983

„Skrapdagakerfið“ hefur gengið sér til húðar

AM — „Með því að fjölga „skrapdögum“ á þorskveiðum, er ekki betur gert en að halda í við vaxandi og ef stóran skipastól, sem notar þessa daga til þess að sækja enn meir í aðra stofna, sem þegar eru fullbýttir. Hér má segja að verið sé að jafna eðvöðunni á alla botnfiskstofna“.

Schopka, fiskiræðsla þegar við spurðum hann álís á friðunaraðgerðum þeim, sem akveðnar hafa verið vegna þorskveiða til 15. ágúst.

„Nú er búið að veita það mikla þó sem af er árinu, að ljóst er að þorskafinn fer hatti í 400

þúsund tonn, þett ekki sé búið að gera ráðstafanir út árið“, sagði Sigfús. „Skrapdaga kerfið hefur gengið sér til húðar og nú verður að fara að huga að öðrum leiðum. Við hjá Hafrannsóknarstofnun höfum lagt til akveðinn hámarksaflla, sem er 300 þúsund tonn í ár, og þar hlýtur að koma

ab menn verða að halda sig við slíkt hamrök, við þorskveiðir, eins og aðrar veiðir ef stjórna á að stítt á veiðunum“.

Sigfús sagði að að hámarksjafntöðunni, sem reikna mætti með að hagt verið að fá úr botnfiskstofnunum, við Ísland væri

800 þúsund tonn, en þegar í ár á bilinu jandar til apríl heftu veiðir 300 þúsund tonn, svo ljóst væri að afkastageta skipastólsins er milljón tonn á ári, eða meira, þar sem enginn stofnanna væri kominn í hámark enn. „Hér ber því allt að sama brunni og áður“, sagði Sigfús, „— vandamálið er það að fiskiskipastofnum er ef stítt“.

Tíminn. 22 maí 1980, forsíða.

Aflamark 1984

- Samdráttur og atvinnuleysi
- Framsal kvóta hefst á fyrsta ári

„Grundvöllur kvótans er brostinn“

— sagði Skúli Alexandersson alþingismaður

„Grundvöllur kvótans er þegar brostinn,“ sagði Skúli Alexandersson alþingismaður.

„Kerfi á borð við þetta, þar sem ákveðið aflamark er á hvern bát, býður þeirri hættu heim að menn reyni meir en áður að laumast framhjá vigt. Það hljóta að vera til aðrar leiðir. Aflaskerðingin á Vestfjörðum er þegar orðin fimmtíu prósent. Ranglætið á þennan kvóta er hróplegt,“ klykkti Skúli út með.

Dagblaðið Vísir 19.mars 1984

Kvótafundurinn í Sigtúni:

„Til andsk.... með kvóta-kerfið“

— hiti í mörgum fundarmanna

Dagblaðið Vísir 19.mars 1984

Útgerðarmenn við Eyjafjörð um kvótaskiptingu:

Samdrátturinn veldur minnkandi atvinnu eða atvinnuleysi víða

Morgunblaðið 4. mars 1984

Trillukarlar og kvótakerfið

Svo virðist sem fáir séu jafn grátt leiknir af hinu margrædda kvótakerfi og trillukarlarnir. Á þessa sumarhúsamenn íslenska flotans er lagður heildarkvóti, í stað kvóta fyrir hvert byggðarlag eða á hvern bát útaf fyrir sig, einsog hefði þó verið mun betra og réttlátara fyrirkomulag.

Þjóðviljinn 18. apríl 1984

Sjávarútvegsráðuneytið:

Hefur heimilað 169 framsöl af aflakvótum milli skipa

Frá því að kvótafyrirkomulaginu var komið á í sjávarútvegi hérlandis í fyrra hefur sjávarútvegsráðuneytið heimilað 169 framsöl af aflakvótum á milli skipa. Þetta kom fram í ræðu sjávarútvegsráðherra á fiskiþingiinu sem nú stendur yfir.

Þessi framsöl skiptast eins og hér segir: Milli skipa í eigu sömu útgerðar 51 framsal, magn fisks sem framselt hefur verið er 8821 tonn. Milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð 97 framsöl, magn fisks 8232 tonn. Milli skipa hvoru úr sinni verstöðinni á grundvelli jafnra skipta 5 framsöl, magn fisks 497 tonn. Milli skipa hvoru úr sinni verstöðinni að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélagsins í viðkomandi verstöð 16 framsöl, magn fisks. 1902 tonn. Alls hefur því verið heimilað að framselja 19543 tonn.

-FRL

Dagblaðið Vísir 6. nóvember 1984

Árið 1985

- Mikill ágreiningur um kvótakerfið
- Hjá sjómönnum, hagsmunaaðilum og stjórnámálum

Alvarleg aðför að tilverurétti okkar

— segja bátasjómenn sem telja veðurfar takmarka sókn þeirra nóg

Dagblaðið Vísir 23.nóvember 1985

Benjamín Antonsson, skiptstjóri á Kolbeinsey ÞH:

Við þurfum að fá frí frá kvótakerfinu

Morgunblaðið 11.september 1985

Gylfi Gunnarsson
skiptstjóri í Grímsey:

„Minn kvóti var búinn í mars“

„Minn kvóti er a.m.k. löngu búinn. Hann var búinn í mars. Ég vil bara engan kvóta hafa. Þessir fiskifræðingar vita alltof lítið.

Helgarpósturinn 8. ágúst 1985

Jón Páll Halldórsson, framkvæmdastjóri Norðurtangans á Ísafirði:

Forsendur kvótakerfisins brostnar

Morgunblaðið 11. september 1985

Sæmundur Árelíusson
framkvæmdastjóri á Siglufirði:

„Það er verið að búa til kreppu“

„Það segir sig sjálft að kvótinn er of lítill og að minni hyggju er þetta of lítið rannsakað mál en

Helgarpósturinn 8. ágúst 1985

Guðmundur Runólfsson, útgerðarmaður í Grundarfirði:

Kvótinn er hemill á getu og gerðir manna

Morgunblaðið 11. september 1985

Halldór Ásgrímsson
sjávarútvegsráðherra:

„Verðum að taka tillit til fleiri sjónarmiða“

„Það geta nú svosem allir verið sammála um það að þorsk- kvótinn sé of lítill og ég get verið fyrstur manna til að fallast á það, en spurningar í þessu sambandi geta verið tvær: Hvað er skynsamlegt að taka mikið úr þessum stofnum í ár og hvað eigum við að geyma til framtíðarinnar?“

Helgarpósturinn 8. ágúst 1985


Pétur Þorsteinsson
framkvæmdastjóri á Tálknafirði:

„Það vantar einhvern til að taka af skarið“

„Ég skil ekkert í að kvótinn skuli ekki vera hækkaður svo Al-





Helgarpósturinn 8. ágúst 1985

Samantekt 1984-2014




Skipaflotinn

- Dregur úr fjölgun stærri skipa og togara
- Mikil fjölgun smábáta til ársins 1990




Samþjöppun aflahlutdeilda Íslenskir stofnar

- Mikil samþjöppun aflahlutdeildar í aflamarks- og þorskaflamarkskerfi
- Hröð samþjöppun í aflamarkskerfi 1997-2000 og 2004-2007
- Þorskaflamarks eitt fyrirtæki yfir 5% mörkum í mörg ár



Hámark hlutdeild í aflamarkskerfi

Þorskígildi	12%
Þorskur	12%
Ýsa	20%




Hámark hlutdeild þorskaflamarkskerfi

Þorskígildi	5%
Þorskur	4%
Ýsa	5%

Samþjöppun aflaheimilda loðna

- Stærsta fyrirtækið: 8-11% til 2004 / 20% frá 2005 (kvótaþak)
- Átta stærstu: 35-65% til 2004 / 75-85 % 2005-2007 / +90% frá 2008
- Fyrirtækjum fækkar frá árinu 1996 (einkaútgerðir keyptar/sameiningar)



Tvö kerfi?

- Stærð úr 6 brúttórúmllestum → 15 brúttótonn (2002) → 30 brúttótonn (2014)
- Ráðherra getur heimilað flutning á krókaafلامarki í aflamark (2014)
- Skiptir stærð skipa máli ef ekki eru stundaðar frjálssar veiðar?
- Verðmunur á aflamarki? / Minni fjármunabinding og lægri útgerðarkostnaður?

